



1. FUNDUR Á MIÐÖNN 2019, MIÐVIKUDAGINN 20. NÓVEMBER KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Tveir nemendur sækja um mat á íþróttum - vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Einn nemendi sækir um undanþágu frá dönsku. - Vísað til skólameistara

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Salsaball á morgun í Kaplakrika. Miðasala gengur vel og verður opnað fyrir utan skóla kl.15 í dag. Útvarpið í Salsavíkunni gengur vel og einnig hafa verið hádegisviðburðir í Urðarbrunni.

3. Önnur mál

Rætt var um hugmynd að skiptibókamarkaði innan FG og hugsanleg í samstarfi við MS þar sem þessir skólar eru með öðruvísi annarskipti en aðrir framhaldsskólar. Einnig rætt um mat á áföngunum tengdum Morfís, Gettu betur og Leiktu betur í þriggja anna kerfinu. Sama gildir um leikhúsafangana og nemendafélagið þ.e. að skipta niður á þrjár annir það sem áður var á tveimur önnum.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Daníel Breki Johnsen forseti NFFG

Eygló Birna Schiöth Gunnarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi